


Einarsstaðir deiliskipulag ferðaþjónustusvæðis



Gildandi deiliskipulagsuppráttur staðfestur 23.11.2010 verður óbreyttur

skýringar

bílastæði	vegir
tjörn / lækur	gönguleið
leiksvæði / útvist	hæðarlínur
skjólbelti	fornminjar
fristundahús	Landmerki
ibúðarhús	
afmörkun deiliskipulagssvæðis	
rotþró	



Úrklippa úr aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022

Deiliskipulag greinargerð

Almennt: Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir ferðaþjónustusvæði norðan við bæjarstaðið á Einarsstöðum í Þingeyjarsveit. Svæðið tilheyrir jörðinni Einarsstöðum 2 og er í einkaeigu. Ekki er til aðalskipulag fyrir Þingeyjarsveit en sveitastjórn hefur bókað þann 03.04.2008 „að hún geri fyrir sitt leyti ekki athugasemdir við að óskir landeiganda nái fram að ganga“. Svæðið liggur í um 50 m yfir sjávarmáli. Um það bil ¼ hluti svæðisins er gömul malarnáma sem er hálf upp gróin. Talsverður hæðarmunur er úr nánumni upp á byggingarsvæðið. Skjólbeltið hefur verið plantað í kantinn kring um námuna og út frá henni. Gert er ráð fyrir einu heilsára ibúðarhúsi, aðstöðuhúsi fyrir móttökum með eldhúsi, borðsal, þvottahúsi, tæknirými ofl., tveimur gistihiðum (g) og allt að 26 fristundahúsum til útleigu, en ætlunin er að byggja þau í fjórum áföngum eftir því sem ferðaþjónustan próast.

Fornminjar: Fornleifaskráning fyrir svæðið lá ekki fyrir við vinnslu á tillögu að deiliskipulaginu, en var framkvæmd síðla árs 2009. Við skráninguna kom í ljós að fimm minjar voru innan skipulagssvæðisins og var tillöggunni litillega breytt í samræði við minjavörð Norðurlands eystra, þ.e. vegur færður til, húsum fækkað og þeim einnig sumum hnikað til. Kvöld er á framkvæmdaraðila að gerður verði könnunararkurður á röskunarsvæði vegarins næst minjastaðnum SP-272:008 og aðrir minjastaðir verði afgirtir áður en til framkvæmda kemur. (Sjá umsögn minjavörðar Sigurðar Bergsteinssonar dags. 8. apríl 2010.)

Umferð og bílastæði: aðkoma að svæðinu er að vestanverðu frá Aðaldalsvegi 845 og í gegn um malarnámunu til norðurs upp á kantinn. Við aðstöðuhús verða stæði fyrir hópferabíla og stærrí bifreiðar, en minni bifreiðar verður hægt að hafa við húsin.

Lagnir: lagnir verða innan reits, rotþró verður í jaðrinum að norðaustanverðu þar sem landið er lægst. Raflina liggur um vestur part svæðisins. Heitavatnslögn liggur vestan við svæðið meðfram þjóðveginum. Kaldavatnsleiðsla liggur um vestanvert svæðið auk rafmagns. Gert er ráð fyrir lagnaleið frá vestri norðan við malargryfju, þar sameinast heitt og kallt vatn og rafmagn, lagnir verði lagðar með veginn innan svæðisins. Slökkvivatn fæst úr læk og fyrirhugaði tjörn vestanvert við svæðið og úr Seljadsá, sem rennur skammt sunnan við það.

Byggingareitur: er áætlaður fyrir hvert hús, en ætlunin er að fristundahúsini verði á bilinu 25 - 45 m² að stærð. Ibúðarhús verði ekki stærra en 240 m², gistihiðum um 200 m² og aðstöðuhús allt að 300 m².

Húsagerðir: húsin fyrir utan ibúðarhús og þjónustuhús, eru ætluð til útleigu til ferðamanna og eru því misstórar til að henta í leigu til einstaklinga og fjölskyldna. Reynt verður að láta húsin falla að landslaginu og verða þau á einni hæð. Hámarks vegghæð fristunuháhusa verði 2,50 m og þakhæð frá 3,50 - 4,5 m eftir stærð húsa, þaklag verður mænisþak eða bogadregið (braggalag). Hámarks vegghæð gistihiða verði 3,0 m og þakhæð 5,0 m.

Umhverfi: svæðið er í dæmigerðu landbúnaðarlandslagi og er landbúnaður stundaður umhverfis og á jörðinni. Gert er ráð fyrir að landbúnaðarvélar komist í gegn um svæðið. Aðgengilegar gönguleiðir eru í næsta nágrenni. Gert er ráð fyrir gönguleiðum innan svæðis og út fyrir. Skjólbelti eru umhverfis hluta af svæðinu og má búast við að þeim verði fjölgæð. Leiksvæði er inni á miðju svæðinu, milli húsanna, malargryfjan er hugsuð sem hluti af útvistarvæðinu. Fyrirhugað er að leiða læk sem rennur við aðkomuleiðina inn í malargryfjuna til að útbúa lítt tjörn. Það mun gefa svæðinu mikil gildi og auka fuglalíf. Gengið skal þannig frá tjörninni að vatnið sem í hana rennur skili sér áfram í lækinn. Í malargryfjuni er hægt að útbúa samkomusvæði þar sem hópar geta komið saman.

BREYTING á greinargerð:

Í liðnum byggingarreitir verði stærð fristundahúsa á bilinu 25-50 m² í stað 25-45 m² áður.

Í liðnum húsagerðir verði pakform frjálst í stað mænisþaks eða bogadregið og hámarks vegghæðir felliðar brott en heildar hæð húsa óbreytt þ.e. 3,5-4,5 m á fristundahúsunum eftir stærð húsa og 5,0 m á gistihiðunum. Heimilt verður að nýta rými undir þaki með salarhæð undir 1,8 m.

SAMPYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaða nr. 123/2010 með síðari br. var samþykkt í skipulagsnefnd þann 14. júní 2012.

og í sveitarstjórn þann 21. júní 2012



Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda

þann 5. júní 2012 nr. 575 2012

Einarsstaðir, Þingeyjarsveit

teikn: Breyting á deiliskipulagi	mkv: 1:2000 í A2	teiknað af: gg/ghg
verknr: 12-104 dags: 12.04.12	br:	teikn-nr: 1

guðbjorg guðmundsdóttir
landslagsarktekt fíla
guðmundur h gunnarsson
ráðgjafi